

Leiðbeiningar um úrvinnslu athugasemda/kvartana vegna starfa dýralækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna dýra. Slík mál geta einnig komið til við eftirlit.

Mál geta verið að tvennum toga eða blanda af þeim

### 1. Mál sem snerta skyldur sem lagðar eru á dýralækna, svo sem:

- Bakvaktir
- Þjónustusamningar
- Þagnarskylda
- Tilkynningaskylda, sjúkdómar og velferð
- Notkun ólöglegra lyfja
- Afhending lyfja ekki í samræmi við reglur
- Vinna undir áhrifum lyfja eða áfengis

### 2. Mál sem snerta læknisverk

- Sjúkdómsgreiningar
- Aðgerðir, skurð- og lækniáðgerðir þ.á.m. lyfjaskömmun
- Útgáfa vottorða

### Móttaka erindis og stofnun máls

Þegar mál er tilkynnt MAST ([mast@mast.is](mailto:mast@mast.is) eða í gegnum ábendingakerfi) eða sambærilegt kemur upp við eftirlit, þá stofnar móttakandi um það mál í One undir málalýklinum 4.13 með viðkomandi dýralækni sem viðskiptavin, héraðsdýralæknir er skráður ábyrgur í málinu, yfirdýralæknir og fulltrúi hans eru tengiliðir.

Falli málavextir undir tl. 2 hér að ofan þá skulu meðlimir „Dýralæknateymis“ settir sem úrvinnsluaðilar, en þeir eru sérgreinaðýralæknar: svína, heilbrigðiseftirlits og ABP auk viðkomandi dýrategundar og fagsviðsstjóra lyfjamála. Falli málavextir alfarið undir tl. 2 þá breytir héraðsdýralæknir ábyrgðamanni málsins og setur fyrirliða „Dýralæknateymisins“ sem ábyrgðamann í málinu og sig sem tengilið. Öll skjöl og samskipti eru vistuð í málinu.

### Úrvinnsla

Héraðsdýralæknir tilkynnir dýralækninum með t-pósti að hann sé til rannsóknar, sækir staðlaðan texta í sniðmáti „Tilkynning um rannsókn á störfum dýralækna“. Héraðsdýralæknir rannsakar málsatvik sem falla undir tl. 1 hér að ofan en „dýralæknateymi“ rannsakar málsatvik sem falla undir tl. 2 hér að ofan. Ef málið varðar lið 1e eða 1f hefur héraðsdýralæknir samráð við fagsviðsstjóra lyfjamála. Rannsókn hefst á að kynna málsatvik fyrir dýralækninum, honum eru send málsgögn og óskað er eftir greinargerð um málsatvik af hálfu dýralæknisins. Upplýsingar úr samtölum við aðila eru skráð sem minnisblöð í málinu.

Rannsakandi metur málsatvik samkvæmt gögnum í málinu, sé það mat rannsakanda að ekki sé tilefni til afskipta af hálfu MAST þá er það tilkynnt dýralækninum, það skráð í málið og því lokað.

Mál sem falla undir tl. 1.

Meti héraðsdýralæknir það svo að málið þarfnist afskipta MAST þá leggur hann til aðgerðir við yfirdýralækni, skráir það í málið og breytir ábyrgð málsins yfir á yfirdýralækni. Yfirdýralæknir metur málsatvik, tillögur héraðsdýralæknis og stjórnsýslulega þætti áður en hann tekur ákvörðun um aðgerðir. Hann getur falið fulltrúa sínum stjórnsýslulega afgreiðslu málsins.

Mál sem falla undir tl. 2.

Fyrirliði sannreynir að allir teymisméðlimir séu tengiliðir í málinu. Meti „Dýralæknateymið“ málið svo að hugsanleg mistök hafi verið gerð þá gerir teymið greinargerð um málsatvik, þar sem m.a. kemur fram hvaða hugsanlegu mistök hafi átt sér stað. Teymið getur sent greinargerðina á Dýralæknaráð og leitað álits þess. Séu málavextir flóknir/viðamiklir þá getur teymið þýtt greinargerðina á ensku og óska álits hjá „Rettsmedicin“ í nágrennalandi.

Að fengnu áliti ofangreindra aðila metur „Dýralæknateymið“ málið að nýju, sé það mat teymisins að ekki sé tilefni til afskipta af hálfu MAST þá er það tilkynnt dýralækninum, það skráð í málið og því lokað. Sé það mat teymisins að

málið þarfnist afskipta MAST þá leggur það til aðgerðir við yfirdýralækni, skráir það í málið og breytir ábyrgð málsins

---

yfir á yfirdýralækni. Yfirdýralæknir metur málsatvik, tillögur teymisins og stjórnsýslulega þætti áður en hann tekur ákvörðun um aðgerðir. Hann getur falið fulltrúa sínum stjórnsýslulega afgreiðslu málsins.